

**AUGLÝSING****um útvarpsgjald.**

Útvarpsgjald sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 hefur verið ákveðið sem hér segir:

Fyrir full mánaðarleg afnot	kr.	1 687,00
Fyrir svart-hvíta móttöku	kr.	1 518,00
Fyrir hljóðvarpsafnot	kr.	506,00

Auglýsingin tekur gildi 1. janúar 1991 og gildir þar til annað verður ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 11. desember 1990.*

**Svavar Gestsson.**

*Árni Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ**

**um hækkun frítekjumarks skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971  
um almannatryggingar með síðari breytingum.**

1. gr.

Frítekjumark skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum skal vera sem hér segir frá og með 1. janúar 1991:

1. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga aðrar tekjur (þó ekki úr lífeyrissjóði) má hafa kr. 177 600 á ári (kr. 14 800 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum verða þessar fjárhæðir kr. 248 640 á ári (kr. 20 720 á mánuði).
2. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði má hafa kr. 258 000 á ári (kr. 21 500 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum eru þessar fjárhæðir kr. 361 200 á ári (kr. 30 100 á mánuði).
3. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi til viðbótar lífeyri almannatrygginga bæði lífeyrissjóðstekjur og aðrar tekjur skal frítekjumark vera hið sama og í 1. tl. Áður en til útreiknings tekjutryggingar kemur skal þó draga frá lífeyrissjóðstekjum viðkomandi kr. 80 400 á ári (kr. 6 700 á mánuði, þ.e. kr. 21 500 – 14 800) hjá einstaklingi og kr. 112 560 á ári (kr. 9 380 á mánuði, þ.e. kr. 30 100 – 20 720) hjá hjónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lokamálsgrein 19. gr. laga um almannatryggingar eins og ákvæðinu var breytt með 8. gr. laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga nr. 7/1990, sbr. lög nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1991.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. desember 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*